



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 14. maí 2024
24031772/101.00 IA

Efni: Umsókn um stofnframlag vegna kaupa á íbúðum 2024

Brynja leigufélag ses hefur sent inn beiðni um stofnframlög vegna kaupa á 4 íbúðum í Kópavogi. Þar kemur fram að áætlað kaupverð sé um 273 m.kr. sem þýðir að 12% hluti Kópavogsbæjar væri kr. 32,8 milljónir.

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er ekki beint gert ráð fyrir framlögum af þessu tagi, hinsvegar er undir lið 58-101 (efnahagsreikningur húsnæðisnefndar) fjárhæð sem mætti ráðstafa í þetta verkefni eins og við fyrri stofnframlög.

Kópavogsbær og Brynja leigufélag ses hafa átt jákvætt samstarf með svona fyrirkomulag s.s. þegar félagið keypti 4 íbúðir að Vallakór 6. Þá gerðu Kópavogsbær og Brynja húsfélag með sér samning þar sem fram kemur að báðir aðilar annist og hafi samráð við úthlutun íbúðanna.

Núna í maí 2024 hefur verið gengið frá stofnframlögum vegna 19 íbúða og þrjár eru í frágangi, þannig að samtals eru 22 íbúðir samþykktar.

Hér getur verið um að ræða hagkvæman kost við að auka framboð á félagslegum íbúðum í Kópavogi.

Virðingarfyllt,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri